


Símenntunaráætlun  
Njarðvíkurskóla/  
Háaleitisskóla  
2011-2012



## Starfsmannastefna Reykjanesbæjar

Mikilvægt er að innra starf skóla sé öflugt og lögð áhersla á fagmennsku í kennslu sem og uppeldi og stjórnunarstarfi m.a. með símenntun kennara.

*Stefnumið Reykjanesbæjar er að:*

-vinna að markvissum umbótum á öllum skólastigum í gegnum símenntunaráætlanir hvers skóla

-tryggja starfsfólki aðgang að bestu fáanlegu símenntunartilboðum hverju sinni

-halda skrá yfir símenntun kennara og skólastjóra.

-Efla ber fagmennsku í uppeldis- og stjórnunarstörfum hjá skólum bæjarfélagsins.

Mat á skólastarfi er tæki til umbóta og eðlilegur þáttur í daglegu starfi fagmanna. Hver skóli mótar sér umbótaáætlun sem byggir á vönduðum matsaðferðum.

Umbótaáætlunin skal haldast í hendur við starfsmannastefnu og símenntun starfsfólks og endurskoðast árlega.

Úr starfsmannastefnu Reykjanesbæjar

## Símenntun kennara

Hverjum skóla er skylt að gera símenntunar-/endurmenntunaráætlun.

Tími til sí- og endurmenntunar markast af samningsbundnum 150 klst. á ári til endurmenntunar og undirbúnings kennara.

Skipting þessa tíma getur verið mismunandi milli kennara, skóla og einnig milli ára.


Símenntun kennara má skipta í tvo meginþætti:

Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig.

Skólastjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum næsta vetrar og/eða þróunarvinnu næsta vetur á grundvelli sjálfsmats skóla.

Endurmenntun, sem hluti af 150 klst., er almennt ætlaður tími utan við skipulagðan starfsramma skólaársins en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla, eftir nánara samkomulagi við kennara.

Endurmenntunaráætlun skal kynnt kennurum.



Kennurum ber að gera skólastjóra grein fyrir þeim þáttum í sí- og endurmenntun sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.

Kennurum er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt endurmenntunaráætlun skóla, enda sé hún gerð skv. ákvæðum kjarasamnings og kennurum að kostnaðarlausu.

Endanleg ákvörðun er í höndum skólastjóra.

Úr handbók með kjarasamningi.

## Endur- og símenntun starfsmanna

Endur- símenntun starfsmanna má skipta í tvennt:

Námskeið og fræðslufundi sem skólastjóri ákveður út frá stefnu skólans og forgangsverkefnum næsta vetur.


Námi og fræðslu sem starfsmaður hefur áhuga á og telur mikilvæga fyrir sig í starfi sínu.

Starfsmönnum ber að gera skólastjóra grein fyrir þeirri endur- og símenntun sem þeir hafa áhuga á og telja sig þurfa að sækja til að halda sér við í starfi.

Starfsmönnum ber skylda til að sækja þau námskeið og fræðslufundi sem þeim er ætlað, samkvæmt símenntunaráætlun skóla. Þau skulu haldin á starfstíma skóla og vera starfsmönnum að kostnaðarlausu.


## Sem símenntun flokkast m.a:

- Námskeið á vegum skólans eða annarra viðurkenndra aðila.
- Skipulagðir leshringir, vettvangsheimsóknir.
- Stutt námskeið og kynningar á fundartíma kennara (telst ekki hluti af 150 tímunum en skráist sem símenntun).
- Umbóta- og/eða þróunarverkefni.
- Teymisvinna.
- Rýnishópar.
- Framhaldsnám.
- Sjálfsnám (lestur, myndbönd, netið og fl.).



## Ferli símenntunar

### Ferli við gerð símenntunaráætlunar



## Umbóta- og þróunarstarf, áherslur og markmið 2011-2012

### PBS

**Positive Behavior Support, PBS- Heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun**, er aðferð til að skapa gott andrúmsloft í skólum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfa félagsfærni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Unnið verður áfram í samvinnu við Þjónustumiðstöð Breiðholts. Sálfræðingurinn Sigurður Þorsteinsson verður handleiðari okkar frá Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar. Teymisstjórar í skólanum eru Ásgerður Bjarklind Bjarkadóttir og Guðný Karlsdóttir. Í vetur verður áfram samvinna með PBS teyminum í Holtaskóla og Myllubakkaskóla.

Innleiðing að „Stöndum saman“ sem er forvarnarkerfi gegn einelti í stuðningi við jákvæða hegðun. Þetta er kennsla á þriggja þrepa viðbragði nemenda við hegðunarvanda. Nemendum er kennt að nota „hættu – gakktu – segðu frá“ og starfsfólki er leiðbeint með viðbrögð við þessu þriggja þrepa viðbragði og eftirfylgni.



Stuðst er við námsefnið „Stöndum saman“ í þýðingu Hrundar Þrándardóttur og Margrétar Birnu Þórarinsdóttur frá 2011. Mat á innleiðingunni verður lagt fyrir í lok skólaárs.

Á starfsdögum kynnir teymið verkefnið fyrir nýjum starfsmönnum í upphafi skólaárs. Fyrirlestrar og kynningar greiðast með styrk frá Manngildissjóði Reykjanesbæjar.

**Samkensla** á yngra stigi skólans hefur gefið góða raun, kennsluhættir eru einstaklingsmiðaðir, nemendur, foreldrar og kennarar eru almennt ánægðir og góður námsárangur hefur náðs með þessu starfi. Haldið verður áfram að þróa og festa í sessi samkenslu á yngra stiginu og fjölbreytta kennsluhætti. Þróunarverkefninu er formlega lokið en stuðst verður þróunaráætlunina sem verkefnið byggir með það í huga að festa þessa starfshætti í sessi. Stefnt er að því að samkenna nemendum í 2.-3. bekk og 4.-5. bekk og viðhalda þeim vinnubrögðum sem nemendur hafa tileinkað sér í íslensku og stærðfræði, í samkenslunni.

**Fjölgreindaval.** Veturinn 2004-2005 var byggt upp verkefni í kennslu 3. og 4. bekkjar þar sem árgöngunum var kennt saman 2 tíma á viku og útfærð nokkurs konar hringekja með stöðvavinnu sem byggð er á fjölgreindakenningu Gardners. Áfram verður unnið að því að festa verkefnið í sessi. Stefnt verður að því að hafa fjölgreindavalið sameiginlegt fyrir 2.-5. bekk skólaárið 2011-2012.

Kannanir sem gerðar hafa verið meðal foreldra á yngsta stigi undanfarin ár, sýna að foreldrar eru mjög ánægðir með starfshætti samkenslunnar og fjölgreindavalið og þeir telja þá koma til móts við mismunandi námsgetu og stuðla að góðri líðan nemenda í skólanum. Nemendur taka ábyrgð á námi sínu og stöðugt er verið að meta vinnuna.


## Fjölmennning

Í skólanum er starfrækt deild fyrir innflytjendur og tvítýngd börn. Deildin er í sífelldri endurskoðun til þess að nám og kennsla henti þeim nemendum sem þar stunda nám hverju sinni. Efla þarf deildina með fræðslu og námskeiðum er tengjast málefnum innflytjenda.

**Bókasafn, tölvu- og upplýsingatækniver.** Haldið verður áfram að auka og bæta þekkingu og kunnáttu starfsmanna í að nýta sér upplýsingatækni í kennslu svo nemendur verði færari í að nýta sér tækni og upplýsingaveitur í námi sínu. Lögð verður áhersla á fræðslu um SAFT – örugga netnotkun.

**Teymiskensla.** Reynsla okkar á síðastliðnum árum af teymiskenslu á unglíngastigi er nokkuð góð og verður haldið áfram að þróa það verklag. Námsmarkmið í hverju teymi þurfa að vera skýr nemendum og foreldrum. Kennarar ásamt deildarstjóra og fagstjórum endurskoða kennsluhætti í teymunum. Stefnt er að því að kenna í teymum í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku í 9. og 10. bekk og í íslensku og stærðfræði í 8. bekk.

**Lestrarmennning.** Njarðvíkurskóli er unhverfisvænn grunnskóli sem leggur áherslu á lestrarnám upp allan grunnskólann. (Úr skólanámskrá)



Árið 1995-96 unnu kennarar við skólann þróunarverkefnið Markviss lestrarkennsla / Heildstætt móðurmál, og munum við viðhalda því með því að kynna það fyrir nýjum kennurum og hvetja til þess að kennarar nýti sér það í kennslu. Það er mikill áhugi á að viðhalda lestrarmenningu innan skólans og er það hluti af fagstjórn í íslensku. Haldin verða námskeið um lestur, stafsetningu og ritun til að efla kennara í kennslu allra þátta móðurmálsins.

**Læsi.** Foreldrar eru í lykilhlutverki við að þjálfa börnin reglulega á meðan þau eru að ná upp lestrarfærni og í hugtakaskilningi. Stefnt verður að leiðsögn og kynningu fyrir foreldra.

**Leið til læsis.** *Leið til læsis* er titill á nýju yfirgripsmiklu stuðningskerfi í lestrarkennslu sem ætlað er kennurum á yngsta stigi grunnskólans. Leið til læsis (LtL) er í raun kerfi sem byrjar á lesskimun í 1. bekk og staðsetur nemendann hvað varðar lestrarfærni og hjálpar til við gerð kennsluáætlunar. Því næst eru eftirfylgnipróf sem eru stutt og einföld í notkun. Þau gera kennurum kleift að fylgjast með árangri kennslunnar og framgangi lestrarnáms hjá hverjum og einum nemanda. Lesskimun fylgir handbókin, **Skimun – Hvað svo?** þar sem skimuninni er fylgt úr hlaði með ítarlegum kennsluleiðbeiningum, fræðslu um lestur og þróun hans ásamt gagnreyndum kennsluáferðum og hugmyndum að bekkjarskipulagi sem gefið hefur góðan árangur við að mæta þörfum nemenda í blönduðu skólaskipulagi. Byggt er á hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar og kennurum leiðbeint sérstaklega með hvernig hægt er að taka á vanda þeirra barna sem lenda í áhættuhópi. Kennarar á yngsta stig fara á námskeið í ágúst til að læra meðferð verkefnisins og fá réttindi til að nýta það.


## **Lestrarsnillingar - Unnið með lestrarerfiðleika í bekk**

Helena Rafnsdóttir og Kristbjörg Eyjólfsdóttir vinna að þróun námsefnis fyrir nemendur sem eiga við lestrarerfiðleika að stríða (dyslexiu). Verkefnið, Lestrarsnillingar, miðar að því að umsjónarkennari vinni í samvinnu við foreldra að þjálfun lestrarfærni nemanda með sérstakri aðferð undir handleiðslu HR og KE.

**Samfella í stærðfræði allan grunnskólann.** Hópur kennara hefur unnið að því að greina námsmarkmið stærðfræðinnar niður í lotur þar sem ákveðin markmið eru tekin í hverri lotu og nemendur verða að ná lágmarksárangri í lotu til að geta haldið áfram og mynda þannig samfellu í stærðfræðináminu. Unnið hefur verið eftir þessu kerfi á öllum stigum skólans með góðum árangri. Haldið verður áfram þróun þessa verkefnis undir stjórn höfunda þróunarverkefnisins.

**Stærðfræðiefling á mið- og unglingastigi.** Styrkur úr endurmenntunarsjóður grunnskóla. Markmið verkefnisins er að efla og þróa einstaklingsmiðaða kennsluhætti í stærðfræði á mið- og unglingastigi. Unnið verður að því að gera nákvæmari kennsluáætlanir, kljúfa námsmarkmið niður í þætti og gera gátlista fyrir hvern nemanda sem fylgir honum milli árganga.

Haldnir verða fræðslufundir í skólanum þar sem stærðfræðikennarar sem náð hafa góðum árangri með fjölbreyttum kennsluháttum fengnir til að veita leiðsögn.



Kennarar fara í heimsóknir í skóla sem náð hafa góðum árangri í stærðfræði og læra af þeim.

**Umhverfisstefna** Skólinn fékk Grænfánann afhentan í annað sinn á vorönn 2010. Umhverfisteymi verður áfram starfandi við skólann og hefur það meginhlutverk að sjá til þess að skólinn viðhaldi verkefnum um Grænfánann. Fagstjóri í náttúrufræði heldur utan um verkefnið með teyminu. Unnið verður að útfærslu umhverfismenntar í námskrám allra árganga.

Farið verður í samvinnu við Leikskólann Gimli um að útbúa reit til útikennslu við Grænásinn, fengum styrk úr Manngildissjóði RNB.

## Helstu forgangsverkefni skólans eru:

- PBS í skólanum, viðhald verkefnisins
- Stöndum saman, forvarnir gegn einelti í tengslum við PBS
- *Olweusarverkefninu gegn einelti viðhaldið*
- að efla og styrkja kennara í faglegu starfi
- að halda uppi handleiðslu og leshópum um efni sem styrkir starfsmenn sem einstaklinga
- að þróa áfram fjölbreytta kennsluhætti og einstaklingsmiðað nám
- að þróa áfram samkenndu árganga á yngri stigi
- að þróa áfram teymiskennslu í bóklegum greinum á unglingsstigi
- notkun og nýting Mentors á öllum sviðum skráningar, mats o.fl.
- að viðhalda handbók sem er grunnur að sjálfsmati
- að vinna eftir áætlun um sjálfsmat
- að viðhalda og vinna að áframhaldandi lestrarmenningu innan skólans
- að ná betri árangri í lestri og lesskilningi
- að þróa og kynna lestrarkennslu fyrir nem. með dylexiu inni í bekk
- að útfæra samfellu í stærðfræði allan grunnskólann
- að efla umhverfisvernd og umhverfisfræðslu ásamt áherslu á náttúrufræðinám og útikennslu
- að viðhalda Grænfánaverkefninu

## Áform skólans um endurmenntun

- Viðhald PBS/Stuðnings við jákvæða hegðun
- Stöndum saman, forvarnir gegn einelti með PBS
- Nýta mannauð skólans og halda námskeið m.a. um:
- Lestrarkennslu - gangvirkur lestur og hugtakakort, ritun, skrift, skrautskrift, tölvuforritanotkun
- Skráningarkerfi Mentors þar sem kennarar innan skólans miðla öðrum af þekkingu og reynslu sinni.
- Verkefnabók Mentors - stefnt að því að allir kennarar noti verkefnabókina, nýta nýjar einingar í Mentor /Mentor námskeið
- Tölvu- og upplýsingamennt - fræðsla um notkun upplýsingatækni í kennslu.
- SAFT- örugg netnotkun
- Olweus - samvinna við Þorlák Helgason um fræðslu.
- Umhverfisstefnan - fyrirlestrar og kynningar




- Leshópar
- Handleiðsla
- Blátt áfram


## Áætlun um símenntun skólaárið 2011-2012

Heiti	Tími	Fyrir hverja	Umsjón
-PBS –Viðhald verkefnisins	Haustönn	Upprifjun fyrir alla Kynning f nýja kennarar og starfsfólk	Guðný Karlsdóttir, Ásgerður Bjarklind og Sigurður Þorsteinsson
-Fyrirlestur um nemendur sem eru í toppi þríhyrningsins.	Haustönn	Alla starfsmenn PBS skólanna	PBS-teymi
-Bekkjarstjórnun, upprifjun	Haustönn	Kennara	PBS-teymi
-Handleiðsla	Haustönn	Kennara	Kennarar sem sóttu námskeið í handleiðslu vor 2011
-Lestrarkennsla	Á skólaárinu	Kennara á yngra- og miðstigi	-Lestrarteymið -Kennarar skólans -Sérfræðingar fræðsluskrifstofu Rnb
-Lestrarkennsla	Haustönn	Kennara í 6. og 7. bekk	-Sérfræðingar fræðsluskrifstofu Rnb
-Stærðfræði: Stærðfræðiefning á mið- og unglingastigi	Á skólaárinu	Stærðfræðikennara	-Heimsóknir í skóla -Stæ.kennarar í HÍ -Kennarar skólans
-Skrift, upprifjun	Haustönn	Kennara í 1.-7. bekk og aðra áhugasama	Brynja Árnadóttir
-Skrautskrift	Á skólaárinu	Kennara og aðra áhugasama	Kristbjörg Eyjólfadóttir
-Skráningarkerfi Mentors-verkefnabók	-Námskeið í upphafi skólaárs -Námskeið í janúar	Kennara	Deildarstjórar
Tölvu- og upplýsingatækni Lotus Notes;bekkjasíður Einfaldur grunnur s.s.excel	Í upphafi skólaárs	Kennara og starfsfólk	Hulda Hauksdóttir  Rafn Vilbergsson
SAFT örugg netnotkun	Haustönn	Kennara og starfsfólk	-Kristján Geirsson -Hafþór Birgisson
Olweus - Upprifjun og viðhald verkefnisins	Á skólaárinu yfir skólaárið	Kennara og starfsfólk	-Þorlákur Helgason -Eineltisteymi
Sérkennsla/Námsver	Á skólaárinu	Sérkennara	-Námskeið á vegum GRR og HÍ -Sérkennsluráðgjafi





SOS	Á skólaárinu	Nýja starfsmenn	Gylfi Jón Gylfason - Fræ
-Fræðsla um greiningar Asperger/ ADHD	Á skólaárinu	Starfsfólk skóla/Aspar+frístund	-Sérkennslufulltrúi FRÆ -Kennarar skólans
-Námskeið fyrir starfsmenn Bjarkar um geðræna erfiðleika	Á skólaárinu	Starfsfólk Bjarkar	FRÆ
-Námskeið í varnarviðbrögðum	Ágúst	Starfsfólk Aspar, Bjarkar, aðra starfsmenn (4)	FRÆ
-Kennsla innflytjenda Fræðslufundir	Á skólaárinu	Kennara innflytjenda og tvítyngdra nemenda	Fræ Dröfn Rafnsdóttir
Grænfánaverkefnið	Á skólaárinu	Allt starfsfólk	Umhverfisteymi
Samstarf kennara til eflingar náttúrufræðikennslu	Á skólaárinu	Náttúrufræðikennara	Svava Pétursdóttir
-Kynning á því sem kennarar / starfsfólk er að gera gott. Greinabundnar, faglegar umræður.	Yfir skólaárið	Kennara	Kennarar skólans
-Kynning á starfssviði þroskaþjálfara	Á skólaárinu	Allt starfsfólk	-Arna Arnarsdóttir -Linda Birgisdóttir -Helga Jóhannesdóttir
-Forvarnafræðsla	Á skólaárinu	Kennara og starfsfólk	Samtakahópurinn
-Verndari barna/ Blátt áfram.		Kennara og starfsfólk	Blátt áfram
Viðbrögð við áföllum og sorg	Á skólaárinu	Kennarar og starfsfólk	Gunnar Finnbogason HÍ
-Ýmis námskeið á vegum starfsmannafélagsins	Á skólaárinu	Kennara og starfsfólk	Hugmyndir frábærs starfsfólks
-Hópeflisnámskeið-skyldumæting	Á skólaárinu	Kennara og starfsfólk	Skólastjórnendur <b>Vibeke Svala</b>



## Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar

Fræðsluskrifstofa Rnb :

- Samstarf kennara til eflingar náttúrufræðikennslu
- Skólaumbótateymi, samstarf við kennara í öðrum skólum á Suðurnesjum.
- Kennarar taka þátt í þróunarverkefnum með öðrum grunnskólum Reykjanesbæjar á vegum Fræðsluskrifstofunnar í samræmi við tillögu okkar og annarra skóla.
- Námskeið til undirbúnings Stóru upplestrarkeppninni.
- **SOS**, Gylfi Jón Gylfason upprifjun fyrir kennara og námskeið fyrir nýtt starfsfólk.
- Fræðslufundir fyrir fag- og árgangakennara í yngri bekkjum sem Fræðsluskrifstofa Rnb stendur þar sem þeir hittast til að miðla þekkingu og upplýsingum.
- Fundir deildastjóra

## Framkvæmd símenntunar

Skólastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd og úrvinnslu símenntunaráætlunar.

Starfsmenn eru ábyrgir fyrir eigin símenntun, þeir leita tækifæra til að bæta kunnáttu og þroska hæfileika sína. Starfsmenn taka virkan þátt í gerð eigin símenntunaráætlunar, fylgja henni eftir og óska eftir aðstoð ef þeir þarfnast hennar. Símenntunaráætlun er í stöðugri endurskoðun og getur breyst eftir aðstæðum, framboði og verkefnum hverju sinni.

## Framhaldsnám

Framhaldsnám telst ekki hluti af 150 klukkustundum til endur- og símenntunar nema það tengist beint símenntunaráætlun skólans. Framhaldsnám er skráð sem hluti af einstaklingsáætlun starfsmanns.

## Fjármögnun

- Í fjárhagsáætlun skólans fyrir árið 2011 er gert ráð fyrir þeim fjárhæðum sem fást vegna umsókna í endur- og símenntunarsjóði til námskeiða.
- Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar sér um fjármögnun.
- Símenntunarsjóðir sem skólinn og starfsmenn sækja í.
- Styrkur var veittur úr Endurmenntunarsjóð grunnskóla
- Styrkur veittur úr Manngildissjóði Reykjanesbæjar
- Starfsmaður greiðir.

## Skráning og mat

Starfsmaður skráir á þar til gert eyðublað þá endur- og símenntun sem hann tekur þátt í.

Skólastjóri og starfsmaður meta hvort símenntun telst matshæf.

Skólastjórar fara yfir og meta, í starfsmannasamtölum, hversu vel starfsfólki hefur tekist að uppfylla kröfur í símenntunaráætlunum.

Mat á eigin áætlun starfsmanns í starfsmannasamtölum.

Símenntunaráætlun Njarðvíkurskóla/Háaleitisskóla er birt á heimasíðu skólans ásamt eyðublaði fyrir starfsmenn til útfyllingar.

**Símenntunaráætlun Njarðvíkurskóla/Háaleitisskóla er unnin fyrir starfsmenn með menntun og mannrækt að leiðarljósi.**